

Alþingi  
Erindi nr. P 122/1579  
komudagur 30.3.198

Heilbrigðis- og trygginganefnd.

Dánarvottorð, 464. mál.

Ég þakka fyrir að fá tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Ég hef í raun aðeins eina athugasemd. Mér þætti eðlilegt að löginn kveði á um tímasetningu líkskoðunar. Þannig mætti segja í fyrstu málsgrein 2. gr. í framhaldi af þeim texta sem þar er fyrir: Af virðingu við hinn látna skal líkskoðun fara fram svo fljótt sem auðið er og andlát staðfest. Í greinargerð kæmi fram viðmiðun, t.d. innan einnar til tveggja klukkustundar. Ef þau tímamörk eru of knöpp vegna fjarlægða eða að öðrum ástæðum, skal stefnt að því að tími frá andláti til úrskurðar verði sem stytstur.

Ástæða þess að mér finnst ástæða til þess að setja inn tímamörk er að það vill brenna við, þegar fólk deyr að næturlagi, að það sé látið bíða til morgunns að kveða upp úrskurðinn. Enda þótt mér sé ekki kunnugt um mistök að þessu leyti, þá finnst mér eðlilegt vegna allra hlutaðeigandi aðila að ekki sé dregið að úrskurða manneskju látna.

Með kveðju, Pálmi V. Jónsson, forstöðulæknir öldrunarsviðs SHR